



NAMIBÍA

Namibía

Útgefandi:

Þróunarsamvinnustofnun Íslands,
Pósthólf 5330, 125 Reykjavík

© 2000 Þróunarsamvinnustofnun Íslands

© 2000 *Ljósmyndir:*

Björn Björnsson, bls. 27;

Björn Dagbjartsson, bls. 15; Cubitt, bls. 18;

Eyólfur V. Valtýsson, forsíða, bls. 4, 17, 19, 21 a.o., 28, 29, 30;

Guðrún Matthíasdóttir, bls. 25; Oddbjörg Kristjánsdóttir,

bls. 3; Magnús Á. Magnússon, bls. 24; Ólafur V. Einarsson,

bls. 11; SADC, bls 12; Schoeman bls. 6, 20; Sigvaldi

Torfason bls. 7, 16, 26; Sjöfn Vilhelmsdóttir bls. 5, 22;

S.W. Photo bls. 9, 21 t.h.

Eftirtaldir lögðu til efni og upplýsingar og lásu yfir handrit.

Eru þeim og öðrum sem að verkinu komu færðar bestu þakkir:

Björn Dagbjartsson

Sjöfn Vilhelmsdóttir

Vilhjálmur Wium

Höfundar: Auður H Ingólfssdóttir og Þórdís Sigurðardóttir

Hönnun og umbrot:

Margrét Rósa Sigurðardóttir

Filmuvinna og prentun: Gutenberg

Efnisyfirlit:

Kort af Namibíu	2
Namibía	3
Land og þjóð	4
Land og þjóð í tölum	5
Helgrindarströndin	6
Saga	7
Sanþjóðflokkurinn	9
Sjálfstæði og lýðræðisþróun	10
• Stjórnsmál	10
• Utanríkismál	12
Efnahagsmál	14
Tölur um efnahagsmál	14
• Helstu atvinnuvegir	15
Arfur aðskilnaðarstefnunnar í landbúnaði	16
• Samgöngur og fjarskipti	17
Tölur um upplýsingatækni	17
Náttúruauðlindir og umhverfismál	18
Villt dýralíf	19
Lifandi steingervingur!	20
Samfélagsmál	20
• Menning	21
Flutt á mölina	22
• Trúarbrögð	23
• Menntun	24
• Heilsufar	25
Tölur um heilbrigðismál	25
• Jafnréttismál	26
Þróunarsamvinna	27
• Ísland og Namibía	27
Íslendingar í Namibíu	29
Helstu ritaðar heimildir	31





Namibía

Namibía, sem stundum er kölluð „gimsteinn Afríku“, er land stórbrotinnar náttúru og fjölskrúðugs mannlífs. Þetta er land andstæðna og þar má bæði finna víðáttumiklar eyðimerkur og gróskumikla skóga.

Margbreytileikinn meðal mannfólksins er ekki minni. Í Namibíu býr fólk af ólíkum menningaruppruna og ólíkum efnahag.

Í þessu stóra og strjálbýla landi falla tveir þriðju hlutar alls auðs í hendur 10% íbúa. Þorinn af þjóðinni, eða um 90%, má síðan deila þeim þriðjungi sem eftir er.



Land og þjóð

Namibía hlaut sjálfstæði árið 1990 en áður var svæðið undir stjórn Suður-Afríku. Landið er staðsett í sunnanverðri Afríku, á vesturströnd álfunnar, og á landamæri að fjórum ríkjum. Suður-Afríka liggur að landinu í suðri, þá Botswana í austri og í norðri liggja landamæri að Zambíu og Angóla. Namibía er stórt land, meira en 800 þúsund km², en mjög strjálbýlt. Íbúafjöldi á hvern ferkílómetra er aðeins 1,7 en til samanburðar má nefna að á Íslandi, sem þó er með strjálbýlli löndum, búa að meðaltali 2,6 íbúar á hvern ferkílómetra.

Loftslag í Namibíu einkennist öðru fremur af lítilli og óút-reiknanlegri úrkomu. Ekki bætir úr skák að uppgufun er mikil og er þetta landsvæði það þurrasta í Afríku á eftir Sahara. Suðurhluti landsins er afar þurr og þar ná hinir víðfeðmu Kalahari sandar inn í landið en þeir breiða sig frá Suður-Afríku og norður fyrir Botswana. Um miðbik landsins eru kjarri vaxnar hásléttur en í norðausturhlutanum er hitabeltisloftslag og gróðursæld meiri. Nafn sitt fær landið eftir Namib eyðimörkinni sem liggur meðfram endilangri strandlengjunni í vestri og er hún talin elsta eyðimörk heims, um 80 milljón ára gömul. Víðast hvar í landinu eru a.m.k. 300 sólskinsdagar á ári en mestar líkur á rigningu eru á tímabilinu nóvember fram í apríl sem er sumar í Namibíu.

Þó hið þurra loftslag setji plöntu- og dýralífi nokkrar skorður er líffræðilegur fjölbreytileiki mikill og sérstaklega

er fjöldi sjaldgæfra tegunda athygli verður. Landið er einnig auðugt af náttúruauðlindum. Miklar demantanámur eru í suðvesturhluta landsins, í miðhlutanum finnast til dæmis gull, úraníum og marmari og á hásléttu norðausturhlutans er að finna kopar og aðra málma. Namibía hefur einnig yfir gjöfulem fiskimiðum að ráða.

Fólksfjöldinn í Namibíu var metinn 1.730 þúsund árið 1998. Fólksfjölgun er hröð, eða 3,1% á ári, og um 55% íbúanna eru undir tvítugu. Um þriðjungur Namibíumanna býr í borgum og bæjum en tveir þriðju hlutar búa í sveit. Þéttbýlast er í norðurhéruðum landsins og á svæðinu í kringum höfuðborgina Windhoek. Íbúar í Windhoek voru um 190 þúsund árið 1998 en aðrir stórir bæir eru Ondangwa (60 þúsund), Oshakati (50 þúsund), báðir í norðri, og Walvis Bay (40 þúsund) við ströndina.

Í Namibíu býr fólk af fjölmörgum þjóðflokkum. Ovamboþjóðflokkurinn er langfjölmennastur, eða um helmingur þjóðarinnar. Aðrir þjóðflokkar eru til dæmis Kavango, Herero, Damara, Nama og San. Um 5% eru af blönduðum uppruna og hvítir íbúar eru um 5%. Margir þeirra eru Búar frá Suður-Afríku eða af þýskum uppruna.

Enska er opinbert tungumál í Namibíu síðan 1991 og er notað í viðskiptum en þjóðflokkarnir eiga yfirleitt sitt eigið tungumál. Flestir tala oshivambo eða skyldar mállýskur en samtals eiga Namibíumenn 28 tungumál. Aðeins 1–2% íbúanna hafa ensku að móðurmáli og einungis tíundi hluti talar málið vel. Hlutfall þeirra sem tala ensku fer þó vaxandi. Um 10% hafa hins vegar afrikaans að móðurmáli, m.a. flestir blandaðra og meirihluti hvítra, en það er tungumál Búa og skylt hollensku.



Land og þjóð

Stærð: 824.269 km²

Mannfjöldi: 1,73 milljón (1998)

Höfuðborg: Windhoek

Meðalhiti: Windhoek 17–29°C (janúar), 6–20°C (júní)

Hæsta fjall: Brandberg (2.606 metrar yfir sjávarmáli)

Stærstu ár: Okavango, Orange, Kunene og Zambezi

Tungumál: enska (opinbert), oshivambo, afrikaans o.fl.

Helstu þjóðflokkar: Ovambo (50%), Kavango (8%), Herero (8%), Damara (7%), Nama (5%), blandaðir (5%), hvítir (5%), Caprivi (4%), San (3%), aðrir (5%)

Gjaldmiðill: Namibískur dollari (N\$) = 11,50 ísl. kr.

Fylgir suður-afrísku randi

Helgrindarströndin

Hin 300-400 km strandlengja norðan Walvis Bay er án efa eyðilegasta strönd allrar Afriku. Hún kallast Skeleton Coast eða Helgrindarströnd og dregur nafn sitt af þeim fjölda mannabeina, hvalbeina og skipsflaka sem varðað hafa fjöruna öldum saman. Hinn kaldi Benguela hafstraumur sem kemur frá Suður-skautslandinu og liggur upp að ströndinni drekkur í sig allan raka frá landi og lofti og myndar 40-50 km breiða eyðimörk meðfram fjörunni. Oftast liggur þoka yfir sjónum næst ströndinni og miklir stormar róta þar upp gríðarháum öldum. Erfitt er án góðra siglingatækja að greina á milli sandfjörunnar og grynninga sem víða ná langt út. Áður fyrr voru skipskaðar tíðir við þessa strönd. Fyrir skipbrotsmenn sem komust á land tók ekki betra við. Vatnsleysi og steikjandi sólarhiti á daginn og kuldi á nóttunni gerði fljótt út af við þá.

Margar ógnvekjandi munnmælasögur lifa meðal þjóðflokka sem byggja landið fyrir ofan eyðimörkina um örlög skipbrotsmanna. Ein gömul saga segir frá Hererohöfðingja sem hraktist niður að strönd ásamt liðsmönnum sínum út af erjum við nágretta. Þar rákust þeir á tvær undarlega útlítandi verur og voru framan af ekki vissir um hvort þetta væru dýr eða menn. Það var ekki fyrr en þeir sáu að verurnar gengu á tveimur fótum að þeir fullvissuðu sig um að þarna væru menn á ferð. Í nágrenninu var strandað skip og skipbrotsmennirnir tveir nær dauða en lífi af þorsta og hungri. Annar mannanna lést fljótlega en hinum gáfu Hereromennirnir einn uxu og skildu hann síðan eftir til að mæta örlögum sínum.

Fram á síðari ár var nánast útlokað að nokkur kæmist af eftir strand við Helgrindarströnd og enn stendur sjófarendum mikil ógn af henni.



Saga

Namibía samtímans litast ekki aðeins af landfræðilegum aðstæðum og fjölbreytilegu mannlífi. Ofbeldisfullt tímabil nýlendustjórnar og þyrnum stráð sjálfstæðisbarátta hafa einnig átt stóran þátt í að móta þá þjóð sem nú býr í landinu.

Fyrstu þekktu íbúar þess landsvæðis sem nú er Namibía voru af þjóðflokkum San og Nama. Síðar kom fólk af Damarabþjóðflokknum. Fólk í þessum þjóðflokkum stundaði söfnun og veiðimennsku. Í kringum aldamótin 1500 hófu hirðingjar af Hererobþjóðflokknum innreið sína í mið- og norðvesturhluta landsins og á svipuðum tíma fluttist fólk af Ovambobþjóðflokki í norðurhéruðin og hóf að stunda þar akuryrkju.

Portúgalskir sæfarar eru taldir fyrstir Evrópubúa á svæðið en þeir munu hafa stigið á land í lok 15. aldar. Nýlenduvelðin hófu þó ekki sókn sína af alvöru fyrr en nokkrum öldum síðar. Verslunarmenn og trúboðar flyktust til Namibíu þegar fréttist af demöntum þar og árið 1884 gerði Þýskaland landið að verndarsvæði sínu. Þjóðverjar hófust þegar handa við að nýta landið og auðlindir þess í eigin þágu. Framganga þeirra varð til þess að tveir þjóðflokkar, Herero og Nama, risu upp gegn hinum hvítu valdhöfum árið 1904. Uppreisnin leiddi til blóðugra bardaga sem stóðu í nokkur ár og lauk með ósigri þessara þjóðflokka. Sérstaklega varð Hererofólk- ið illa úti í þessari uppreisn. Þýskir hershöfðingjar fyrirskipuðu að þjóðflokknum skyldi útrýmt og var m.a. brugðið á það ráð að eitra vatnsból þeirra. Fór svo að fjórir fimmtu hlutar þjóðflokksins, um 65 þúsund manns, létust. Evrópskir landnemar tóku jafnframt nær allt land þeirra eignarnámi.

Suður-Afríka tók yfir stjórn Namibíu í fyrri heimsstyrjöldinni, nánar tiltekið árið 1915. Sú hefð sem Þjóðverjar höfðu komið á, að deila út landi og námuréttindum til hvíttra á kostnað hinna svörtu, styrktist enn frekar í sessi þegar svæðið féll undir stjórn Suður-Afríku og kjör afrískra íbúa landsins héldu áfram að versna. Í Suður-Afríku tóku stjórnvöld upp stefnu sem kölluð hefur verið aðskilnaðarstefnan. Hún var lögfest í



Suður-Afríku 1948 og í Namibíu 1950 en hafði að mörgu leyti verið við lýði allan nýlendutímann. Aðskilnaðarstefnan byggði á þeirri hugmynd að fólk af mismunandi kynþáttum ætti ekki samleið og að mismunandi fyrirkomulag hentaði hverjum hópi. Íbúum var skipt í kynþætti eftir því hvort þeir voru hvítir, svartir eða litaðir. Aðeins hvítum mönnum voru tryggð borgaraleg réttindi og leitast var við að aðgreina fólk eftir kynþætti á sem flestum sviðum mannlífisins. Lög voru sett sem kváðu á um að svartir íbúar ættu að búa á ákveðnum svæðum, langt frá borgum og bæjum þar sem hvítir bjuggu. Í Namibíu, eins og í Suður-Afríku, var svörtu fólki komið fyrir á ákveðnum afmörkuðum landsvæðum, og þó heita ætti að á þessum svæðum hefði það heimastjórn, var það í raun valdalaust. Árið 1945 lýstu Sameinuðu þjóðirnar því yfir, þá nýlega stofnaðar, að Namibía væri verndarsvæði þeirra. Yfirlýsingin var gerð í óþökk suður-afrískra stjórnvalda og við tók áratuga löng sjálfstæðisbarátta þar sem Namibía varð það í átökum stórvelda.

Yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna frá 1945 var ekki fylgt eftir fyrr en 26 árum seinna, árið 1971, þegar Alþjóðadómstóllinn í Haag dæmdi yfirráð Suður-Afríku í Namibíu ólögleg. Í lok sjötta áratugarins höfðu farandverkamenn úr norðurhémuðunum stofnað þjóðfrelsisamtökin SWAPO. Leiðtogi þeirra var Sam Nujoma. Stefnuskrá hreyfingarinnar var í marxískum anda sem tryggði m.a. fjárhagslegan stuðning frá Sovétríkjunum. Árið 1973 viðurkenndu Sameinuðu þjóðirnar SWAPO sem réttmætan fulltrúa í samningaviðræðum um sjálfstæði Namibíu. Suður-Afríka neitaði hins vegar öllum viðræðum við hreyfinguna.

Árið 1978 tók Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna af skarið og sendi frá sér fundarályktun þar sem lögð var fram áætlun um samningaferli sem leiða myndi til sjálfstæðis Namibíu. Allt kom fyrir ekki og Suður-Afríka sat áfram sem fastast við stjórnvölinn. Tíu árum síðar komst ályktunin lokst til framkvæmda eftir að samningar tókust milli Bandaríkjanna, Sovétríkjanna, Kúbu og Angóla. Suður-Afríka samþykkti að draga hermenn sína til baka ef kúbverskir hermenn yfirgæfu Angóla. Í kjölfarið fóru kosningar fram í Namibíu og árið 1990 hlaut landið að lokum hið langþráða sjálfstæði. SWAPO stóð uppi sem sigurvegari kosninganna og Sam Nujoma varð fyrsti forseti hins nýja ríkis.



Sanþjóðflokkurinn

Enginn þjóðflokkur hefur búið lengur á því svæði sem nú er Namibía en Sanþjóðflokkurinn. Í þúsundir ára hefur Sanfólkið, sem nýlenduherrarnir kölluðu Búskmenn, flakkað um Kalahari á svæði sem nær frá austurhluta Namibíu og vesturhluta Botswana.

Þjóðflokkurinn komst af í þessu hrjóstuga umhverfi með því að aðlagast sig staðháttum. Sanfólkið setti upp hífýli sín þar sem vatn var að finna. Ef uppsprettan þornaði þurfti að flytja sig um set og leita að nýju vatnsbóli. Fólkið lifði aðallega af söfnun og veiðimennsku. Konurnar söfnuðu rótum, berjum, ávöxtum og hnetum til matar, en hlutverk karlanna var að veiða. Konur veiddu þó einnig stundum smærri dýr.

Samkvæmt hefðum Sanfólksins er enginn formlegur höfðingi við völd heldur stjórna fólkið í sameiningu, bæði konur og karlar. Deilur eru leystar með ítarlegum og löngum viðræðum, þar sem allir eiga að fá að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Átök og ófriður eru því nær óþekkt meðal Sanfólksins.

Fyrir um 2.000 árum fóru aðrir þjóðflokkar að

flytjast til þess svæðis sem nú er Namibía. Þar á meðal voru hirðingjar og síðar komu þjóðflokkar sem stunduðu akuryrkju. Öldum saman lifðu þessir þjóðflokkar hlið við hlið en hver með sína siði. Löng viðkynni af þorpslífínu, þar sem fólk ræktar garða, elur búfénað og á sér fastan bústað, hafa þó haft áhrif á Sanfólkið og breytt lífsvenjum þeirra. Þurrkar og áhrif ofnýtingar beitarslands á gróður og villt dýralíf hafa einnig haft sitt að segja. Þó örfáir viðhaldi enn venjum þjóðflokksins hafa flestir þeirra tekið upp breytta lífs-hætti nú orðið.

Meðal þess sem hverfur með nýjum lífsstíl er tungumálið. Tungumál Sanfólksins er í útrýmingarhættu og með því hverfur þekking og reynsla ótal kynslóða sem geymst hefur í frásögnum og munnmælasögnum tungunnar. Sanfólkið þykir til dæmis hafa til að bera yfirgrípsmikla þekkingu á veðurfari, hegðun dýra og hvernig nýta má jurtir til matar og lyfjagerðar. Hætt er við að þessi þekking gleymist með tungumálinu og breyttum lífsháttum.

Sjálfstæði og lýðræðisþróun

Lýðræðisskipulag með fjölflokkakerfi er hornsteinn sjálfstæðrar Namibíu. Arfleifð aðskilnaðarstefnunnar svífur þó enn yfir vötnunum og takmarkar enn að ýmsu leyti virka þátttöku þegnanna í lýðræðisþróuninni. Stjórnvöld í Suður-Afríku reyndu í valdatíð sinni eftir fremsta megni að letja fólk til að flokka sig saman og skipuleggja, þar sem þau töldu slíkt ógna veldi sínu. Þessi stefna drap oft niður sjálfshjálparviðleitni þjóðfélagshópa og margir upplifðu sig valdalaus og öðrum háða. Markviss dreifing valds, sem og fræðsla um lýðræðisleg réttindi, er nauðsynleg til að hugarfarsbreyting geti átt sér stað.

Stefna namíbískra stjórnvalda á fyrsta áratug sjálfstæðisins hefur öðru fremur verið stefna sátta og samlyndis milli hvítu og svartra. Lítið hefur hins vegar verið hróflað við efnahagskerfinu þar sem meirihluti eigna er í höndum hins hvíta minnihluta. Stjórnvöld hafa lagt áherslu á að fyrsti hluti baráttunnar sé pólitískt jafnrétti en að baráttu fyrir efnahagslegu jafnrétti muni fylgja í kjölfarið.

Stjórnkerfi Namibíu grundvallast á stjórnarskrá sem tók gildi við sjálfstæði landsins. Stjórnarskráin á að tryggja lýðræði og borgaraleg réttindi íbúanna. Samkvæmt henni liggur framkvæmdavald í höndum forseta en þingið fer með löggjafarvald. Forseti er kosinn í beinum kosningum á fimm ára fresti og þarf meira en helming atkvæða til að ná kjöri. Hinir 72 fulltrúar neðri deildar þingsins eru sömuleiðis kosnir til fimm ára. Kosningarétt hafa allir Namíbíubúar sem eru 18 ára og eldri. Fulltrúar efri deildar þingsins eru einnig lýðræðislega kjörnir en kosningar eru svæðisbundnar. Namibía skiptist niður í þrettán stjórnsýslusvæði og hvert svæði tilnefnir tvo fulltrúa frá sínu svæði í efri deildina. Fulltrúa á að kjósa á hverju svæði á sex ára fresti.

Stjórnmál

Helstu andstæðingar SWAPO í kosningunum 1989 voru Lýðræðisbandalagið (Democratic Turnhalle Alliance, DTA)



og Sameinaða lýðræðisfylkingin (United Democratic Front, UDF). Fyrirnefndi flokkurinn er byggður á samstarfi fólks úr nokkrum þjóðflokkum og hefur hann einkum átt stuðning hinna hvítu, en í hinum síðarnefnda er einkum fólk úr Damarabjóðflokki. SWAPO náði 57% atkvæða og hreinum meirihluta í kosningunum. Sáttatónn flokksins og tilraunir til efnahagslegra umbóta leiddu til enn meira fylgis, eða 73% atkvæða, í kosningum árið 1994. Vinsældir flokksins höfðu heldur dalað í sveitastjórnarkosningum árið 1998 en hann hélt samt meirihluta. Árið 1999 fóru þriðju þing- og forsetakosningarnar fram. SWAPO bætti þá enn við sig fylgi og hlaut 76% atkvæða og forsetinn Sam Nujoma hlaut tæplega 77% atkvæða. Sjö aðrir flokkar voru í framboði og hlutu tveir þeirra, DTA og Samtök lýðræðissinna (Congress of Democrats, CoD) tæplega 10% atkvæða hvor en aðrir fengu mjög lítinn stuðning. DTA er talinn hafa gildið fyrrum tengsla sinna við aðskilnaðarstjórnina og hefur átt erfitt uppdráttar að undanfögnu, á meðan CoD er nýr flokkur með leiðtoga sem klauf sig út úr SWAPO og nýtur einkum stuðnings ungra menntamanna.

Stjórnarandstæðingar hafa gagnrýnt SWAPO fyrir spillingu og óttast sumir að flokkurinn stefni að einflokkskerfi. Sérstaklega var gagnrýnd sú ákvörðun Nujoma að bjóða sig fram til forseta þriðja kjörtímabilið í röð. Samkvæmt stjórnarskránni er forseta aðeins heimilt að sitja á

stóli í tvö kjörtímabil. Þingið, þar sem SWAPO hefur sterkan meirihluta, ákvað hins vegar að þar sem það hefði valið Nu-joma í forsetastól árið 1990, væri tímabilið 1994-99 hans fyrsta tímabil sem lýðræðiskjörins forseta. Því væri það ekki brot á stjórnarskránni þó hann byði sig fram til forseta eitt tímabil í viðbót.



Úrslit kosninganna sýndu ótvírætt fylgi mikils meirihluta þjóðarinnar við sitjandi vald-hafa. Kosningahegðun í mörg-um nágrannaríkjum Namibíu hefur verið með svipuðu móti og hefur það vakið upp vanga-veltur um hvort þetta flokka-kerfi, sem kemur frá Vestur-löndum, endurspegli nægilega vel veruleika afrískra samfé-laga. Svo virðist sem þjóð-flokkatengsl skipti mestu máli þegar kemur að kosningum. SWAPO á þannig vísan stuðn-ing hins fjölmenna Ovambo-þjóðflokks sem og Kavango-fólksins, á meðan til dæmis Caprivi- og Hereromenn hafa fremur stutt DTA.

Utanríkismál

Utanríkisstefna Namibíu í upphafi sjálfstæðis beindist eink-um að því að draga úr áhrifum Suður-Afríku sem árið 1990 hélt enn fast í aðskilnaðarstefnu sína. Namibísk stjórnvöld lögðu því áherslu á samskipti við önnur lönd og sóttu fljótt um inngöngu í Sameinuðu þjóðirnar, SADC (Þróunarsamtök ríkja í sunnanverðri Afríku) og ýmsar aðrar fjölþjóðlegar stofnanir og samtök. Samskiptin við Suður-Afríku bötnuðu til muna þegar ný stjórn, undir forystu Nelson Mandela, tók

við völdum þar, en flokkur hans ANC og SWAPO voru samherjar í baráttu sinni gegn aðskilnaðarstefnunni. Árið 1994 eftirlét Suður-Afríka Namibíu yfirráð yfir Walvis Bay og 12 eyjum sem hatrammar deilur höfðu staðið um áður, og á sama tíma tilkynnti Nelson Mandela að ríkisstjórn hans hygðist gefa eftir skuldir Namibíu. Þessir atburðir sköpuðu grundvöll fyrir hið nána samstarf sem síðan hefur komist á milli landanna tveggja. Til marks um það má nefna að stærstur hluti innflutnings kemur frá Suður-Afríku og namíbíski dollarinn er tengdur suður-afríska randinu.

Samskipti Namibíu við önnur nágrannaríki hafa að mestu gengið átakalítið fyrir sig síðan landið hlaut sjálfstæði. Borgarastyrjöldin í Angóla hefur þó á síðustu misserum sett strík í reikninginn. Um áramótin 1999-2000 leyfðu namíbísk stjórnvöld angólska stjórnarhernum að fara inn á namíbískt yfirráðasvæði til að berjast gegn uppreisnarher Angóla sem kallast UNITA. Bardagar hafa síðan orðið á landamærasvæði Namibíu og Angóla. Þetta hefur haft skaðleg áhrif á ímynd Namibíu sem öruggt og friðsælt ríki og hefur m.a. haft í för með sér að ferðamenn og fjárfestar hafa hörfað frá norðurhluta landsins. Snurða hljóp einnig á þráðinn í sambandi Namibíu og Botswana vegna ágreinings um yfirráðarétt yfir eyju í Chobeánni, en bæði ríkin samþykktu að vísa deilunni til Alþjóðadómstólsins sem nú hefur dæmt málið Botswana í hag. Þá hefur Namibía blandað sér í deilurnar um Kongó og sendu m.a. hermenn árið 1998 til styðja Laurent Kabila, forseta Kongó, í baráttu hans gegn innlendum uppreisnaröflum.

Namibíuher hefur á að skipa um 6.000 hermönnum og er herinn samansettur af fyrrum bardagamönnum SWAPO og hermönnum sem tilheyrðu því herliði sem varði nýlenduna Namibíu fyrir hönd Suður-Afríku. Rétt eins og í landsstjórn-málum hefur ríkisstjórnin lagt áherslu á að sætta þessar stríðandi fylkingar með því að sameina þær í einn her og þykir það hafa tekist vonum framar. Ekki er þó þörf á jafnfjölmönnum her og var á tímum sjálfstæðisbaráttunnar. Margir fyrrum hermenn eru því atvinnulausir sem hefur skapað erfitt ástand. Tilraunir til að þjálfa þá til annarra starfa hafa ekki gengið sem skyldi.

Efnahagsmál

Namibía telst ekki í hópi fátækustu ríkja heims. Í samanburði við önnur Afríkuríki er landsframleiðsla þar há, eða sem samsvarar tæpum 130 þúsund íslenskum krónum á mann á ári. Þetta segir þó ekki alla söguna. Gríðarleg misskipting auðs einkennir hagkerfi Namibíu og er það enn ein arfleifð aðskilnaðarstefnunnar. Um 10% þjóðarinnar hafa yfirráð yfir meira en 70% af landsframleiðslunni. Meðaltekjur mikils meirihluta þjóðarinnar eru því litlu betri en sem gerist í fátækustu löndum álfunnar. Hluti af sáttastefnu stjórnvalda hefur verið að hreyfa ekki við eignum hins hvíta minnihluta nema eigendur fái bætur fyrir. Telja þau að eignatilfærsla án bóta gæti ekki aðeins leitt til átaka heldur gætu slíkar aðgerðir einnig orðið til að kippa grundvellingum undan efnahagskerfi landsins. Sú leið sem valin hefur verið í

staðinn er að skapa erlendum fjárfestum hagstætt umhverfi. Ríkisstjórnin segir tilganginn þann að nýta erlenda fjárfestingu til að jafna hinn mikla tekjumun og færa þannig þá fátæku nær hinum ríku, frekar en að taka frá þeim ríku. Þó vel hafi gengið að laða að erlenda fjárfesta er enn óljóst hvort takist að nýta þetta nýja fjármagn til tekjujöfnunar.

Auk fyrrnefndra aðgerða hefur jákvæð mismunum einnig verið innleidd þegar ráðið er í stöður á vegum ríkisins. Jafnframt hefur auknu fjármagni verið beint til skóla- og heilbrigðismála í þágu fátækari íbúa landsins.

Erlendar skuldir Namibíu minnkuðu til muna, eða um tvo þriðju, þegar skuldir við Suður-Afríku voru felldar niður 1997. Reiknuðust þá skuldir landsins vera sem svarar tæpum 30 milljörðum íslenskra króna sem þá voru um 15% af landsframleiðslu. Erlend ríki hafa dregið úr þróunaraðstoð við Namibíu á undanförnum árum, í samræmi við aukna landsframleiðslu, en mestur hluti þróunaraðstoðar kemur frá Þýskalandi, Norðurlöndunum og Bandaríkjunum.

Efnahagsmál

NAMIBÍA

Landsframleiðsla á mann á ári:

130 þúsund ísl. kr. (1998)

Hagvöxtur: 2,6% (1998)

Aðalatvinnuvegir: námuiðnaður, landbúnaður, sjávarútvegur og ferðaþjónusta.

Mikilvægustu útflutningsvörur: demantar, málmar og sjávarafurðir

Helstu viðskiptalönd:

Útflutningur: Bretland, Suður-Afríka, Spánn
Innflutningur: Suður-Afríka

ÍSLAND

Landsframleiðsla á mann á ári:

2.100.000 ísl. kr. (1998)

Hagvöxtur: 4,7% (1998)

Aðalatvinnuvegir: verslun og þjónusta

Mikilvægustu útflutningsvörur: sjávarafurðir

Helstu viðskiptalönd:

Evrópska efnahagssvæðið, Bandaríkin og Japan

Helstu atvinnuvegir

Namibía á mikið af auðlindum og eru námuiðnaður, landbúnaður og sjávarútvegur undirstöður hagkerfis landsins. Stjórnvöld hafa á undanförunum árum lagt áherslu á upp-



byggingu framleiðslugreina en einnig hefur verið leitað á önnur mið. Einkum hefur verið litið til ferðamannþjónustu og hefur straumur ferðamanna til landsins farið ört vaxandi.

Námuiðnaður sér fyrir um ríflega þriðjungu útflutningstekna en í Namibíu er m.a. að finna nokkrar af

stærstu demanta- og úraníumnámum heims. Námurnar eru flestar í eigu og undir stjórn útlendinga, einkum Suður-Afríkumanna. Vegna þess hve stór hluti útflutnings eru hráefni úr námum skiptir heimsmarkaðsverðið á þessum afurðum miklu máli fyrir stöðugleika efnahagskerfisins.

Annar mikilvægasti atvinnuvegur Namibíu er fiskiðnaður en Namibía hefur yfir að ráða einum af gjöfulustu fiskimiðum heims. Fyrir sjálfstæði voru miðin undan strönd Namibíu talin alþjóðlegt hafsvæði og erlend skip stunduðu þar stjórnlausa veiði sem leiddi til mikillar ofveiði. Strax og sjálfstæði var í höfn færðu namibísk stjórnvöld landhelgina út í 200 sjómílar og hafa unnið að því að koma stjórn á veiðarnar, m.a. með því að setja kvóta á þær tegundir sem mest eru veiddar. Vaxtarmöguleikar eru taldir miklir í sjávarútvegi en árangur mun byggjast að miklu leyti á því hvernig til tekst með fiskveiðistjórn. Sjávarútvegur leggur nú fram 10% af landsframleiðslu og þaðan kemur tæplega fjórðungur útflutningstekna.

Landbúnaður er enn einn mikilvægur atvinnuvegur í Namibíu. Þótt landbúnaður leggi aðeins til innan við 10% af mældri landsframleiðslu starfar um þriðjungur þjóðarinnar í



Arfur aðskilnaðarstefnunnar í landbúnaði

Áhrif nýlendustefnu Evrópulanda og síðar aðskilnaðarstefnu Suður-Afríku á efnahagskerfi Namibíu eru hvergi jafn augljós og í landbúnaði. Gríðarleg misskipting lands og tekjumismunur einkennir þennan atvinnuveg.

Landbúnað stunda annars vegar hvítir bændur á landi sem er í þeirra einkaeign og hins vegar svartir sem búa á sameignarsvæðum. Rúmlega 4.000 hvítir eiga samtals um 36 milljón hektara lands og hafa 36.000 svarta í vinnu. Meðaljörð hvíts bónda er um 8.600 hektarar. Ríflega ein milljón svartra íbúa hafa aftur á móti tæplega 34 milljónir hektara til umráða. Land hinna svörtu er sameignarsvæði þar sem hefð ræður hver má nýta landið. Land á sameignarsvæðum er gjarnan ofnýtt og viðkvæmt fyrir þurrki.

Stærð lands sem hver hópur hefur til umráða segir ekki alla söguna. Hvítir hafa ekki aðeins aðgang að margfalt meira landi, heldur ráða þeir einnig yfir þeim svæðum sem best eru til þess fallin að nýta til landbúnaðar. Fyrir sjálfstæði nutu þeir einnig ýmissa forréttinda, svo sem niðurgreiðslu á þjónustu og uppsprengdu verði fyrir afurðir sínar, sérstaklega á maís og nautakjöti. Þó ný ríkisstjórn hafi breytt um landbúnaðarstefnu og reynt að draga úr ójöfnuðinum hafa breytingar gengið hægar en vonir stóðu til. Að vísu hefur á síðustu árum vaxið fram ný stétt svartra efnamanna og sumar jarða hvítu bændanna lent á þeirra höndum en bændur á sameignarsvæðum eiga eftir sem áður undir högg að sækja.

Þessum geira og 70% íbúa hefur a.m.k. hluta lífsviðurværis síns frá landbúnaði. Auk ræktunar á máis, hirsí, hveiti og fleiri tegundum stunda margir búfjárrækt. Kúabú eru flest staðsett norðan og austan við höfuðborgina Windhoek en sauðfé er algengara í suðurhluta landsins. Vægi landbúnaðar er þó minnkandi í Namibíu eins og í svo mörgum öðrum löndum.

Mikilvægur vaxtarbroddur í namíbísku atvinnulífi er fjölgun ferðamanna sem koma til landsins. Sérkennilegt landslag og óvenjulegt dýralíf er vel til þess fallið að laða að erlenda ferðamenn. Pólitískur stöðugleiki í landinu eftir sjálfstæði hefur aukið aðdráttarafl Namibíu. Stærstur hluti ferðamanna kemur frá nágrannaríkjunum, sérstaklega frá Suður-Afríku, en ferðamönnum frá Vesturlöndum fer fjölgandi.

Samgöngur og fjarskipti

Namibía hefur yfir góðu samgöngukerfi að ráða. Auk vegakerfis sem er vel við haldið ganga lestir milli helstu þéttbýlisstaða og flugsamgöngur við umheiminn eru góðar. Góðar hafnir er einnig að finna bæði í Walvis Bay og Lüderitz. Slæmar samgöngur ættu því ekki að vera þáttur sem hindrar hagvöxt eins og oft vill vera í fátækari löndum heimsins.

Fjarskiptanet Namibíu er í óvenjugóðu ástandi miðað við önnur Afríkuríki. Um 90% símakerfisins er stafrænt og símaeign er algengari en í nágrannalöndunum. Fjarskipti við útlönd bötnuðu til muna með tilkomu gervihnattastöðvar og alþjóðlegs skiptiborðs í Windhoek árið 1995. Lagning ljósleiðara til Suður-Afríku er einnig vel á veg komin og mun auka flutningsgetu enn meira. Notendum netsins fjölga ört í Namibíu sem annars staðar og eru flestar ríkisstofnanir og stærri fyrirtæki komin með netföng.



Upplýsingatækni

	Namibía	Ísland
Símalínur (á 1.000 íbúa 1996)	54	576
Sjónvarpseign (á 1.000 íbúa 1996)	29	447
Tölvueign (á 1.000 íbúa 1996)	13	206



Náttúruauðlindir og umhverfismál

Namibía er auðlindaríkt land en vistkerfið er afar viðkvæmt. Vegna þess hve mjög íbúar treysta á náttúruauðlindir er umhverfisstefna, þar sem áhersla er lögð á sjálfbæra þróun, grundvallaratriði fyrir framtíð landsins. Namibía er fyrsta landið í heiminum sem setti í stjórnarskrá sína ákvæði um verndun umhverfisins og sjálfbæra nýtingu villtra dýra.

Undirstöðuatvinnuvegir eru allir nátengdir umhverfinu á einn eða annan hátt. Námuðnaði fylgir mikil mengunarbætta, auk þess sem auðlindirnar eru óendurnýjanlegar og því takmarkaðar. Landbúnaður, fiskveiðar og ferðamannabjónusta byggja afkomu sína á góðu ástandi vistkerfisins. Landbúnaður krefst regns og frjós jarðvegs, fiskveiðum stafar hættan af ofveiði og mengun hafsins og ferðamenn koma einkum til landsins til að skoða villt dýralíf og stórbrotið landslag. Skynsamleg auðlindastjórnun er því mjög mikilvæg í Namibíu.

Þótt Namibía sé með strjálbýlustu löndum heims glíma íbúar þar engu að síður við umhverfisvandamál samfara örrí

fólksfjölgun. Aðskilnaðarstefnan, sem fól í sér að úthluta landskikum til svartra og banna þeim að búa á öðrum stöðum, hefur leitt til þess að mikill fjöldi fólks býr á litlum, afmörkuðum sameignarsvæðum. Ágangur á land á þessum svæðum er mikill. Skógareyðing er til dæmis alvarlegt vandamál á þéttbýlum svæðum eins og Ovambolandi í norðri.

Annað vandamál samfara mikilli fólksfjölgun á ákveðnum svæðum er vatnsskortur. Eins og fyrr segir er landið eitt hið þurrasta í Afríku og skortur á vatni er talin ein meginhindrun þróunar þar. Óhagkvæm vatnsnotkun hefur enn bætt á vandanann. Stærstur hluti hins verðmæta vatns er nýttur í áveitur fárra plantekra, búgarðar eru næstir á lista, þá vatn til notkunar í heimahúsum í borgum en vatnsnotkun heimila í sveitum og þorpum rekur lestina. Vatnsnotkunin er í litlu samræmi við mikilvægi hvers þáttar. Plantekrurnar skila til að mynda fremur litlu í þjóðarþúið og skapa fá atvinnutækifæri.

Villt dýralíf

Í hinu breytilega og sérstaka landslagi Namibíu er fjölskrúðugt dýralíf, allt frá smæstu tegundum skordýra til stærstu tegunda spendýra. Margar tegundir eru auk þess einstakar fyrir þetta svæði.

Jafnvel í eyðimörkinni má finna stór spendýr eins og fila, gíraffa, sebrahesta og nashyrninga. Ljón hafa hins vegar hörfað inn til landsins vegna ágangs veiðipjófa. Hópur flamingófugla hefur aðsetur í Etosha þjóðgarðinum í norðri. Í honum er einnig að finna fjölda annarra dýrategunda og er hann talinn í hópi merkustu þjóðgarða Afríku. Þá er mikinn fjöldi sela að finna við ströndina, um miðbik strandlengjunnar.

Ágangur mannsins á náttúruna hefur leitt til hnignunar villts dýralífs í Namibíu eins og víða annars staðar. Dæmi um dýr sem talin eru í útrýmingarhættu eru svartir nashyrningar og hlébarðar, en fækkað hefur í flestum dýrategundum á síðustu áratugum. Fólk er þó að vakna til vitundar um mikilvægi hins villta dýralífs, ekki síst



fyrir þær sakir að ferðamenn laðast til Namibíu vegna dýranna og er ferðaþjónusta hratt vaxandi atvinnugrein. Verndun villts dýralífs er þess vegna hátt á forgangslista stjórnvalda. Alls er 21 þjóðgarður í landinu og taka þeir yfir rúmlega 15% lands en átak í verndun hefur einnig beinst að landi í einkaeign og á sameignarsvæðum. Verndunaraðgerðirnar miða að því að færa auðlinda-stjórnunina til fólksins sem býr á svæðunum og hafa þær þegar skilað góðum árangri.

Lifandi steingervingur!

Plantan *Welwitschia* er líklega þekktasta plöntutegund Namibíu. Hún vex nær eingöngu á þröngu belt í Namib eyðimörkinni. Þessi sérkennilega eyðimerkurplanta, sem raunar telst dvergvasin trjátegund, er ævafornt tegund og hver einstök planta verður einnig með afbrigðum langlíf. Hún er því stundum kölluð lifandi steingervingur. Algengt er að plantan verði 500-1.000 ára gömul og fundist hafa einstakar plöntur sem náð hafa 2.000 ára aldri.



Welwitschia hefur aðeins tvö laufblöð sem trosna og dökkna eftir því sem plantan eldist. Laufblöðin geta orðið allt að þriggja metra löng og liggja í flækju á jörðinni í skjóli fyrir eyðimerkurvindinum. Ólíkt flestum öðrum eyðimerkurplöntum, sem hafa lítið yfirborð laufblaða til að takmarka vatnstap, hafa laufblöð *Welwitschia* plöntunnar mikið yfirborð og á þeim eru milljónir loftauga sem drekka í sig raka úr þokunni sem liggur yfir eyðimörkinni um 200 daga ársins. Þókan stafar af nálægð Benguela hafstraumsins sem fer norður með strönd Namibíu.

Welwitschia er dæmi um tegund sem hefur lagað sig að ákaflega sérstökum náttúruskilyrðum og hún á engan sinn líka. Tegundin er friðuð og liggja þung viðurlög við að skemma hana eða fjarlægja frá vaxtarstað.

Samfélagsmál

Félagslegar aðstæður í Namibíu eru ákaflega mismunandi eftir uppruna fólks. Efnahagur er ójafn og hver þjóðflokkur hefur sína eigin menningu. Aðstæður þeirra sem búa í dreifbýli og þéttbýli eru einnig ólíkar. Íbúar borga og bæja hafa til dæmis mun betri aðgang að ýmiss konar félagslegri þjónustu, svo sem menntun og heilbrigðisþjónustu, en íbúar dreifbýlisins.



Menning

Namibía á sér mjög langa menningarsögu. Manngerðir hellar í norðurhluta landsins og myndskreyttir hellisveggir eru til vitnis um búsetu manna þar fyrir a.m.k. 25 þúsundum ára. Vegna þess hve margir þjóðflokkar hafa tekið sér búsetu í landinu gegnum tíðina er menningin ákaflega fjölskrúðug. Frásagnalist, tónlist, dans og handverk hafa um langan aldur verið lifandi hluti af staðbundinni menningu þjóðflokkanna en þeir hafa líka orðið fyrir áhrifum og lært hver af öðrum.

Tungumál og uppruni skilja þjóðflokkanna að en aðrir þættir eins og klæðaburður og hárgreiðsla geta einnig verið ein-kennandi fyrir ákveðna þjóðflokka. Konur af Hereroþjóð-flokki eru til dæmis þekktar fyrir litskrúðuga og íburðarmikla kjóla. Kjólarnir eru settir saman úr mörgum pilsum. Hætta er á að snákar eða skordýr flækist í pilsunum og því er algengt að konurnar geymi kjólana á eins konar reykgjörndum þegar þær eru ekki að nota þá. Lyktin af reyknun á þá að fæla allan ófögnuð frá á meðan þær klæðast kjólunum. Annað dæmi um siði er hárgreiðsla kvenna í Himbaþjóðflokknunum. Mismunandi tegundar af fléttum segja til um stöðu viðkomandi í þjóð-flokknunum. Til dæmis er hægt að segja til um hvort kona er orðin kynþroska, hvort hún er gift og hvort hún er búin að eignast barn, allt eftir því hvernig hárgreiðslu hún er með.

Hver þjóðflokkur hefur sína sérstöku matarmenningu sem oft tengist búsetu og atvinnuháttum. Aðalfæða Ovambo-fólksins, sem er fjölmennasti þjóðflokkurinn, heitir *mielle* *papa* og er máisgrautur, eða *mahango* sem einnig er einskon-





Flutt á mölina

Lodie er ung stúlka sem býr með móður sinni, ömmu og þremur yngri systkinum á litlum bóndabæ skammt frá bænum Oshakati í norð-urhluta Namibíu. Á bænum er hvorki rafmagn né rennandi vatn.

Fjölskyldan ræktar korn, hnetur og baunir og er líka með fáeina ansa, nokkrar geitur og hænsni. Búskapurinn krefst mikillar vinnu af heimilisfólkinu en gefur ekki mikið af sér. Þau treysta á peningasendingar frá Davíð, eldri bróður Lodie, til að geta keypt nauðsynjar og greitt skólagjöld fyrir yngri systkinin. Davíð býr í Walvis Bay við ströndina og starfar þar í einu af mörgum fiskvinnsluhúsum bæjarins.

Mikið er um að fólk flytjist úr sveitahéruðunum til höfuðborgarinnar eða hafnarbæjanna í von um að fá launavinnu og betri lífskjör. Lodie þráir að flytja til höfuðborgarinnar og fá vinnu á skrifstofu. Hún hefur grunnskólapróf og þess vegna telur hún sig hafa möguleika á slíku starfi. En erfitt er að finna vinnu í borginni og ekki er síður erfitt að komast yfir húsnæði. Móðir Lodie gefur henni loks leyfi til að flytja til bróður síns í Walvis Bay. Það sé öruggast því hann geti hjálpað henni að fá vinnu og hún geti búið hjá honum.

Bróðir hennar býr í kofa í fátækrahverfi í bæn-

um. Í kofanum er aðeins eitt herbergi en Lodie hefur aldrei áður búið við rafmagn eða haft aðgang að vatnssalerni. Bróðir hennar á líka sjónvarp og slíkm munaði hefur Lodie heldur ekki kynnst áður.

Lodie kemst fljótt að því að gunnskólapróf frá sveitaskóla í Owambolandi dugar skammt til að fá vinnu á skrifstofu í Walvis Bay. Ekki er hægt að fá slíka vinnu nema tala lýtalausa ensku, helst líka afrikaans, og kunna á tölvu. Nágrannakonur Lodie segja að frekar sé von fyrir hana að fá vinnu í fiskvinnslu. Eina leiðin til að ná árangri sé að standa við hlið fiskvinnsluhúsanna. Þegar vanti starfsfólk fari verkstjórnarnir út að hliðinu og velji fólk úr hópnunum sem þar stendur.

Lodie fer að þessum ráðum og stendur fyrir utan hlið eins fiskvinnsluhússins frá morgni til kvölds. Stundum fer hún ekki heim heldur sefur þar ásamt fleiri konum. Dagarnir líða, þeir verða að vikum og ekkert gengur. Hún veltir fyrir sér hvað sé til ráða. Hún getur haldið í vonina um að fá vinnu eða reynt fyrir sér í óformlega geiranum, t.d. við að selja bjór eða maískökur. Hún getur líka farið aftur heim í sveitina en hún veit að þar biða engin tækifæri. Í raun eru möguleikarnir ekki margir fyrir stúlkur eins og Lodie.

ar grautur eða súpa. Fjölbreytilegt grænmeti er algengt með-
læti en einnig fiskur eða kjöt. Namaþjóðflokkurinn er fræg-
ur fyrir dálæti sitt á stórum melónum sem eru kallaðar *!nara*
(upphröpunarmerkið stendur fyrir eitt af hinum óvenjulegu
klikkhljóðum í tungumáli þjóðflokksins) og hefur ávöxtur-
inn verið hluti af fæðu þeirra og menningu í þúsundir ára.
Þessa tegund melóna er aðeins að finna í Namib eyðimörk-
inni og telja sumir að án hennar hefði búseta manna ekki
verið möguleg á þessum slóðum. Uppskeran á hverju ári er
því mikilvægur viðburður meðal Namafólksins. Mjólkuraf-
urðir eru áberandi í fæðu Hereróþjóðflokksins, enda hirð-
ingjasamfélag, en fæða hvítra er undir evrópskum áhrifum,
einkum þýskum.

Hinn margbreytilegi og ólíki menningarlegi bakgrunnur
namibísku þjóðarinnar gerir það verkum að mun erfiðara er að
skapa þar sameiginleg gildi og þjóðarvitund heldur en í eins-
leitu þjóðfélagi eins og því íslenska. En vissulega má þó líka líta
á fjölbreytnina sem styrk namibísku þjóðarinnar. Menningar-
legur margbreytileiki felur í sér mikla möguleika á að skapa
ríkt og kraftmikið þjóðfélag, svo lengi sem fólki er ekki mis-
munað og virðing er borin fyrir ólíkum menningarverðmætum.

Trúarbrögð

Kristni hefur náð útbreiðslu í Namibíu og eru a.m.k. 80%
íbúanna kristnir. Flestir eru mótmælendur og um helmingur
þeirra tilheyrir lúthersku kirkjunni. Stóra hópa kaþólskra er
einnig að finna í landinu. Áhrifa kristninnar gætir víða og
sem dæmi má nefna er gospelsónlist, sem trúboðar voru
frumkvöðlar að, virkur þáttur í listalífi landsins.

Lítill hluti landsmanna hefur haldið sínum hefðbundnu
afrísku trúarbrögðum sem byggjast oft á tilbeiðslu á öndum
forfeðranna og náttúrunnar. Í þessum trúarbrögðum teng-
ast guðirnir gjarnan samheldni samfélaganna þar sem í há-
vegum er höfð virðing fyrir hinum eldri og þeim sem látnir
eru. Gömlu afrísku trúarbrögðin eru þannig samofin menn-
ingu þjóðflokka. Margir þeirra eiga ríkulegan arf helgi-
siða og þjóðtrúar sem tengjast náttúrulegum og yfirnáttúru-
legum fyrirbærum.



Menntun

Misrétti kynþátta á tímum aðskilnaðarstefnunnar kom meðal annars fram í menntakerfinu. Langstærstum hluta fjármagns var beint til skóla hvítra nemenda en aðrir sátu á haknum. Sérstaklega voru skólar í dreifbýli afskiptir. Núverandi stjórnvöld í Namibíu hafa reynt að takast á við þennan vanda og jafna aðstöðumun nemenda. Stjórnarskrá landsins frá 1990 kveður á um skólaskyldu og ókeypis skólavist fyrir öll börn. Einnig var það eitt af fyrstu verkefnum stjórnvalda að hleypa af stokkunum fræðsluverkefnum fyrir fullorðna, m.a. lestrarkennslu. Um fjórðungur af fjárlögum ríkisins rennur til menntamála og er það stærsti liðurinn á fjárlögum.

Stefna stjórnvalda hefur skilað um 30% aukningu nemenda í skólana og um 90% barna á skólaskyldualdri eru í skóla. Brottfallstölur eru þó enn háar og minna en fjórðungur nemenda fer í framhaldsskóla að loknum grunnskóla. Ólæsi er útbreitt en nákvæmar tölur eru á reiki. Ólæsi meðal fullorðinna er metið allt frá 20% og upp í 40% eða jafnvel hærra. Talsvert mikill munur er milli þjóðflokka hvað varðar hlutfall ólæsra.

Breytingar hafa einnig orðið á innra skólastarfi og ber þar hæst þá ákvörðun að kennsla skuli fara fram á ensku en áður var kennt á afrikaans sem eins og áður segir er tungumál Búa. Það hefur þó valdið erfiðleikum þar sem fæstir kennarar hafa nægilega gott vald á ensku til að kenna á því

tungumáli. Í framhaldsskólum var suður-afrísk námskrá felld úr gildi og önnur námskrá innleidd sem byggir á alþjóðlegum staðli (IGCSE). Ekki hefur þó verið þróað nægilegt námsefni með hinni nýju námskrá og virðist breytingin ekki hafa haft áhrif til hins betra á námsárangur nemenda. Þannig náðu aðeins 14% þeirra 11.000 nemenda sem þreyttu lokaprófin árið 1999 nógu góðum árangri til að geta sótt um nám á háskólastigi.

Stofnaður var háskóli í Namibíu var árið 1993. Þar er kennt í sjö deildum og nemendur eru ríflega 5.000 talsins. Tækniskóli og fáeinir kennaraskólar eru einnig starfræktir í landinu.

Heilsufar

Heilbrigðisvandamál eru mörg í Namibíu. Algengt er að börn þjáist af niðurgangi og sýkingu í öndunarfærum. Ungbarnadauði er hár miðað við það sem gerist á Vesturlöndum og sömu sögu er að segja af dánartíðni kvenna kvenna vegna barnsburðar, þótt tölurnar séu lægri en í sumum nágrannaríkjunum. Lungnabólga og berklar eru einnig algengir sjúkdómar og malaría er vandamál á ákveðnum svæðum. Ein alvarlegasta ógnin er þó alnæmi. Frá því fyrsta tilfellið greindist árið 1986 hefur sjúkdómurinn breiðst út á óhugnanlegum hraða. Í nóvember 1998 mat Alþjóðaheilbrigðisstofnunin að um 20% íbúa á aldrinum 15-49 ára væru sýktir af alnæmisveirunni og má telja líklegt að hlutfallið hafi hækkað síðan. Yfirvöld hafa lýst yfir að útbreiðsla alnæmis sé neyðarástand á þjóðarvisu og þurfi að takast á við vandamálið í samræmi við það. Ekkert stefni þróun Namibíu í meiri hættu en áframhaldandi útbreiðsla sjúkdómsins.

Eins og í menntamálum, er það yfirlýst stefna stjórnvalda að leggja áherslu á að



Heilbrigðismál

Lífslíkur	56 ár
Ungbarnadauði	58/1.000
Dauði við barnsfarir	103/100.000
Vannæring barna	15%
Aðgangur að hreinu vatni	
61% (dreifbýli),	100% (þéttbýli)

jafna aðstöðumun þeirra sem búa í þéttbýli og dreifbýli með því að beina auknu fjármagni til heilsugæslu í hinum dreifðu byggðum. Um 11% af fjárlögum ríkisins renna til heilbrigðismála og hefur aukin áhersla verið lögð á fyrirbyggjandi aðgerðir. En aðgengi fólks að heilbrigðisþjónustu er mjög mismunandi eftir búsetu og efnahag. Almannatryggingakerfi á heilbrigðisviði er ekki til staðar. Fólk verður sjálft að kaupa sér sjúkratryggingar og er það ekki á allra færi.

Jafnréttismál

Konur eiga undir högg að sækja í Namibíu eins og víðar. Áður hindruðu lög að þær gætu tekið þátt í efnahagslífi á jafnréttisgrundvelli. Þær skorti lagalegan rétt á við karlmenn

til að komast yfir eignir, höfðu lítinn aðgang að fjármagni og voru hindraðar í þátttöku í ákveðnum atvinnugreinum. Margvíslegar hömlur voru lagðar á frelsi kvenna að þessu leyti. Þannig eru aðeins örfá ár síðan giftar konur öðluðust fjárræði en áður urðu þær að fá samþykki eiginmanns síns fyrir því til dæmis að eiga bankaviðskipti eða skrifa undir samning. Venjur þjóðflokka eru einnig sjaldan hliðhollar konum í efnahagslegu tilliti, þær eru til dæmis oft lakara settar en karlar þegar kemur að erfðum. Almennt eru laun kvenna lægri en laun karla og þær búa einnig við meira atvinnuleysi en þeir. Af þessum sökum falla mun fleiri konur en karlar í hóp þeirra fátækustu. Þær konur sem reka heimili án eiginmanns sem leggur fé til fjölskyldunnar eru í mörgum tilvikum sérstaklega illa staddar en það á við um nær þriðjung heimila í landinu.

Stjórnarskrá Namibíu kveður á um jafnrétti kvenna og karla. Hún mælir einnig fyrir um já-

kvæða mismunun fyrir alla þá sem áður máttu búa við ójafnrétti, hvort sem var vegna kynþáttar eða kyns. Orð eru til alls fyrst, en mikið verk er þó óunnið við að knýja fram raunverulegar breytingar í jafnréttisátt.





Þróunarsamvinna

Ísland og Namibía

Þróunarsamstarf Íslendinga og Namibíumanna hófst árið 1990 og hefur frá upphafi einkum beinst að sjávarútvegi. Skipta má starfsemi ÞSSÍ í fjóra hluta.

Í fyrsta lagi hafa íslenskir sjávar- og fiskilíffræðingar starfað á vegum ÞSSÍ og namibíska ríkisins í Hafrannsóknastofnun Namibíu sem staðsett er í bænum Swakopmund. Íslenskir skipstjórnarmenn hafa jafnframt starfað um borð í namibískum hafrannsóknaskipum. Þessum þætti er nú að mestu lokið.

Annar þáttur starfseminnar er uppbygging sjómannaskólans í Walvis Bay sem tók til starfa 1994. Tilgangur skólans er að þjálfa Namibíumenn svo þeir verði færir um að sinna vélstjórn og skipstjórn á sínum eigin skipum í framtíðinni. Íslendingar hafa jafnan lagt til meira en helming kennara sem starfa við skólann og aðstoðað við byggingu húsnæðis fyrir skólann. Auk þess hafa namibískir kennarar fengið þjálfun á Íslandi. Árið 2000 voru íslenskir kennarar við skólann sjö talsins og er þessi fræðsluþáttur umfangsmesta verkefni ÞSSÍ í Namibíu.

Enn annað verkefni ÞSSÍ í Namibíu tengist fiskimálaskrifstofu SADC sem eru Þróunarsamtök ríkja í sunnanverðri Afríku. Skrifstofan er staðsett í Windhoek, höfuðborg Namibíu, og hefur yfirumsjón með samstarfi ríkjanna í sjávarútvegi. Hlutverk skrifstofunnar er m.a. að vera leiðandi í stefnumótun, stjórnun og framkvæmd verkefna sem miða að því að þróa sjávarútveg á svæðinu. Íslendingar hafa tekið

þátt í starfsemi þessarar skrifstofu frá árinu 1992 og veitt bæði tækni- og fjárhagsaðstoð. Áherslubreytingar hafa orðið í þessu verkefni og stuðningur er nú einkum fólgin í ráðgjöf við yfirstjórn fiskimála í Namibíu.

Að síðustu ber að nefna fullorðinsfræðsluverkefni en þau hófust í smáum stíl 1993–1994. Hlutur þessa þáttar hefur verið aukinn með því að stofnunin réði til sín árið 1999 sérstakan ráðgjafa til að sinna honum. ÞSSÍ hefur stutt fullorðinsfræðsluverkefni í tveimur bæjum, Lüderitz og Walvis Bay. Bæði þessi verkefni hafa einkum beinst að menntun kvenna. Sérstök áhersla er lögð á enskukennslu og stærðfræði en einnig er kennsla í handavinnu. Þá hefur fræðslu um réttindi og skyldur í samfélaginu, fjölskylduráðgjöf, hreinlæti og fleiri mál efni verið fléttað inn í verkefnin. Boðið er upp á gæslu fyrir börn kvennanna á meðan þær stunda námið.





Íslendingar í Namibíu

Líklega er hvergi í Afríku að finna jafnmarga Íslendinga eins og í Namibíu. Þeir Íslendingar skipta hundruðum sem búið hafa í landinu í lengri eða skemmri tíma og nú eru milli 60 og 70 Íslendingar búsettir þar, ýmist á vegum ÞSSÍ eða annarra aðila. Flestir búa í hafnarbæjunum Walvis Bay og Lüderitz og heldur hópurinn töluvert saman.

Segja má að ÞSSÍ hafi rutt brautina og fyrstu Íslendingarnir komu til Namibíu á vegum stofnunarinnar. Starfsemin hefur síðan undið upp á sig, sumir þeirra sem komu til landsins á vegum ÞSSÍ búa þar áfram og hafa horfið til annarra starfa. Aðrir hafa komið til landsins til að vinna fyrir fyrirtæki sem Íslendingar eiga aðild að.

Mikil uppbygging á sér stað í namíbískri útgerð í kjölfar sjálfstæðis landsins og stækkun landhelginnar í 200 sjómílu. Auðvelt er fyrir útlendinga að fjárfesta í útgerð, enska er opinbert tungumál og fjölskyldufólki með börn hefur þótt gott að búa í landinu.

Margir Íslendingar hafa kynnst Namibíufólki í tengslum við starf sitt og í gegnum börn sín sem eru þar í skóla. Engu að síður halda Íslendingarnir sig gjarnan í hóp og ganga ekki auðveldlega inn í samfélagið. Mikið hefur að segja að Namibía er mjög margskipt þjóðfélag. Ólíkt Íslandi, þar sem samfélagið er tiltölulega einsleitt, búa í Namibíu margir ólíkir hópar. Efnahagur skilur Íslendinga frá flestum svörtum íbúum landsins en gjáin milli Íslendinga og hvítra Namibíubúa getur þó verið allt eins djúp þótt af öðrum ástæðum sé. Saga landsins er ólík sögu Íslands og litill samgangur er milli fólks af ólíkum efnahag og uppruna. Íbúar

Namibíu eru börn aðskilnaðarstefnunnar og hafa mótað af henni og því ýmislegt sem kemur Íslendingum undarlega fyrir sjónir.

Þrátt fyrir hve löndin tvö eru ólík þykir Íslendingum almennt gott að búa í Namibíu. Veðurfar er mildara en á Íslandi og það er til dæmis lítið mál að bregða sér út í óbyggðirnar og njóta náttúrunnar. Og ekki er allt öðruvísi en í heimalandinu. Walvis Bay og Lüderitz eru sjávarpláss og kannski ekki um allt ólík íslenskum sjávarþorpum. „Ég er alin upp í Bolungarvík, og eitt af því fyrsta sem ég tók eftir þegar ég kom til Namibíu var frystihúsastemmningin sem minnti mig óneitanlega á æskuslóðirnar,“ segir Sjöfn Vilhelmsdóttir, fræðslufulltrúi og ein af starfsmönnum ÞSSÍ í Namibíu.



Helstu ritaðar heimildir:

- Barnard, Phoebe (Ed.) *Biological Diversity in Namibia: a country study*. Windhoek: Namibian National Biodiversity Task Force. 1998.
- Lena Höglund og Lena Karlsson. „Bostwana/Namibia.“ Í ritröðinni *Länder i fickformat*. 203. Stockholm: Utrikespolitiska Institutet. 1995.
- Central Bureau of Statistics. *National Accounts 1983-1998*. Windhoek: National Planning Commission. 1999.
- Economic Intelligence Unit. *Country Profile. Namibia, Swaziland*. 1999-2000.
- Economic Intelligence Unit. *Country Report. Namibia, Swaziland*. 1st quarter 2000.
- Government of Namibia. *Namibia: Poverty Reduction*. Round Table Conference. Geneva. 1995.
- Schoeman, Amy. *Skeleton Coast*. Southern Book Publishers. Cape Town. 1996.
- UNDP. *Environment and Human Development in Namibia*. United Nations Development Programme. 1998.
- UNDP. *Human Development Report 1999*. United Nations Development Programme. New York. 1999.
- United Nations Department of Public Information. „Country in Focus: Namibia.“ *Africa Recovery*, Vo. 12, No. 4. 1999.

Þetta rit er annað í röð smárita Þróunarsamvinnustofnunar Íslands um þróunarmál sem ætluð eru almenningi og skólafólki. Það fjallar um Namibíu sem hefur verið helsta samstarfsland Þróunarsamvinnustofnunar Íslands í áratug. Í ritinu er í stuttu máli sagt frá landi og þjóð, sögu, helstu atvinnuvegum, umhverfis- og þjóðfélagsmálum í Namibíu. Leitast er við að varpa ljósi á aðstæður og lífshætti fólks í þessu stóra og strjálbýla landi sem aðeins hefur verið sjálfstætt ríki síðan 1990. Einnig er gefið stutt yfirlit yfir þróunarsamstarf Íslands og Namibíu og þau tengsl sem myndast hafa milli landanna á undanförunum árum.



*Þróunarsamvinnustofnun Íslands,
Pósthólf 5330, 125 Reykjavík
Sími: 545 8980
Netfang: iceida@utn.stjr.is*